

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/68/EB

2010/EES/50/01

frá 24. september 2008

um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Flutningur á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum, eða skipgengum vatnaleiðum skapar umtalsverða slyshættu. Ráðstafanir skulu því gerðar til að tryggja að slíkir flutningar fari fram við eins örugg skilyrði og nokkur kostur er.
- 2) Með tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi

flutning á hættulegum farmi á vegum <sup>(3)</sup> og tilskipun 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum <sup>(4)</sup> var komið á samræmdum reglum að því er varðar flutning á hættulegum farmi á vegum og með járnbrautum.

- 3) Í því skyni að koma á almennu fyrirkomulagi sem nær yfir alla þætti flutninga á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum skal, í stað tilskipana 94/55/EB og 96/49/EB, koma ein tilskipun sem mælir einnig fyrir um ákvæði í tengslum við skipgengar vatnaleiðir.
- 4) Meirihluti aðildarríkjanna eru samningsaðilar að Evrópusamningi um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR), eru bundin af reglum um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (RID) og, að því leyti sem það skiptir máli, samningsaðilar að Evrópusamningi um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum (ADN).
- 5) Í ADR-samningnum, RID-reglunum og ADN-samningnum er mælt fyrir um samræmdar reglur um örugga millilandaflutninga á hættulegum farmi. Slíkar reglur skulu einnig taka til innanlandsflutninga í því skyni að samræma í öllu Bandalaginu skilyrðin fyrir flutning á hættulegum farmi og til að tryggja starfsemi hins sameiginlega flutningsmarkaðar.
- 6) Þessi tilskipun gildir ekki um flutning á hættulegum farmi í tilteknum undantekningartilvikum sem tengjast því að notaðar eru sérstakar tegundir ökutækja eða skipa eða að flutningurinn, sem um ræðir, er takmarkaður.
- 7) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki heldur gilda um flutning á hættulegum farmi sem er beint og milliliðalaust á ábyrgð eða undir eftirliti hersins. Hins vegar fellur flutningur á hættulegum farmi sem framkvæmdur er af verktökum sem vinna fyrir herinn undir gildissvið þessarar tilskipunar nema samningsskyldur þeirra fari fram undir beinni eða raunverulegri ábyrgð eða eftirliti hersins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, 19.11.2009, bls. 5.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 256, 27.10.2007, bls. 44.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 5. september 2007 (Stjtið. ESB C 187 E, 24.7.2008, bls. 148), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. apríl 2008 (Stjtið. ESB C 117 E, 14.5.2008, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 19. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

- 8) Lögð væri óhófleg og tilgangslaus skylda á aðildarríki þar sem ekkert járnbrautarkerfi er til staðar, og engar líkur eru á því að það verði til staðar í nánustu framtíð, ef það þ yrfti að taka upp og innleiða ákvæði þessarar tilskipunar um járnbrautarflutninga. Slíkt aðildarríki skal því, svo lengi sem ekkert járnbrautarkerfi er til staðar, undanþegið þeirri skyldu að taka upp og innleiða þessa tilskipun að því er varðar járnbrautarflutninga.
- 9) Sérhvert aðildarríki skal halda rétti sínum til að undanþiggja flutning á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum frá beitingu þessarar tilskipunar ef skipgengu vatnaleiðirnar á yfirráðasvæði þess tengjast ekki, með skipgengum vatnaleiðum, við vatnaleiðir annarra aðildarríkja eða ef flutningur á hættulegum farmi fer ekki fram á þeim.
- 10) Með fyrirvara um lög Bandalagsins og ákvæði í I. viðauka (lið 1.9 í þætti I.1), II. viðauka (lið 1.9 í þætti II.1) og III. viðauka (lið 1.9 í þætti III.1) skulu aðildarríki, af ástæðum er varða öryggi í flutningum, halda réttinum til að viðhalda eða samþykkja ákvæði á sviðum sem falla ekki undir þessa tilskipun. Þessi ákvæði skulu vera skýr og nákvæm.
- 11) Sérhvert aðildarríki skal halda áfram rétti sínum til að setja reglur um eða banna flutning á hættulegum farmi innan yfirráðasvæðis síns af öðrum ástæðum en þeim er varða öryggi, t.d. af ástæðum er varða þjóðaröryggi eða umhverfisvernd.
- 12) Heimilt skal vera að nota flutningatæki sem eru skráð í þriðju löndum til millilandaflutninga á hættulegum farmi á yfirráðasvæði aðildarríkjanna að því tilskildu að þau samræmist viðeigandi ákvæðum ADR-samningsins, RID-reglnanna eða ADN-samningsins og þessari tilskipun.
- 13) Sérhvert aðildarríki skal halda áfram réttinum til að beita strangari reglum um flutningastarfsemi innanlands sem fer fram með flutningatækjum sem eru skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þess.
- 14) Samræming á skilyrðunum, sem gilda fyrir innanlandsflutning á hættulegum farmi, skal ekki koma í veg fyrir að tekið sé tillit til sérstakra, innlendra aðstæðna. Þessi tilskipun skal því heimila aðildarríkjum að veita undanþágur við tiltekin, tilgreind skilyrði. Slíkar undanþágur skulu tilgreindar í þessari tilskipun sem „landsbundnar undanþágur“.
- 15) Í því skyni að takast á við óvenjulegar og sérstakar aðstæður skulu aðildarríkin eiga rétt á að veita einstök leyfi til flutnings á hættulegum farmi á yfirráðasvæði sínu sem væri að öðrum kosti bannaður samkvæmt þessari tilskipun.
- 16) Með tilliti til þess hversu miklar fjárfestingar eru nauðsynlegar í þessum geira skal aðildarríkjum heimilt að viðhalda tímabundið tilteknum innlendum sérákvæðum varðandi kröfur um smíði á flutningatækjum og búnað og varðandi flutninga um Ermarsundsgöngin. Aðildarríkjum skal einnig heimilt að viðhalda og samþykkja ákvæði um flutning á hættulegum farmi með járnbrautarlestum milli aðildarríkja og ríkja sem eru samningsaðilar að stofnuninni um samstarf milli járnbrauta (OSJD) þar til reglurnar, sem settar eru fram í II. viðauka við samninginn um alþjóðlega vöruflutninga með járnbrautarlestum (SMGS), hafa verið samræmdar við ákvæðin í þætti II.1 í II. viðauka við þessa tilskipun og þar með við RID-reglurnar. Innan 10 ára frá gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin meta afleiðingar af þessum ákvæðum og, ef nauðsyn krefur, leggja fram viðeigandi tillögur. Slík ákvæði skulu tilgreind í þessari tilskipun sem „viðbótarbráðabirgðaákvæði“.
- 17) Nauðsynlegt er að geta lagað viðaukana við þessa tilskipun hratt að framförum á sviði vísinda og tækni, þ.m.t. þ roun á nýrri tækni til að rekja feril og slóð, einkum til að taka tillit til nýrra ákvæða sem bætt hefur verið við í ADR-samninginn, RID-reglurnar og ADN-samninginn. Breytingar á ADR-samningnum, RID-reglunum og ADN-samningnum og samsvarandi aðlaganir viðaukana skulu öðlast gildi samtímis. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjum fjárhagsaðstoð, eins og við á, vegna þýðinga ADR-samningsins, RID-reglnanna og ADN-samningsins, og öllum breytingum þar á, yfir á opinbert tungumál þeirra.
- 18) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 19) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa heimild til að laga viðaukana við þessa tilskipun að framförum á sviði tækni og vísinda. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 20) Framkvæmdastjórnin skal enn fremur vera í stöðu til að endurskoða skrárnar yfir landsbundnu undanþágurnar og taka ákvörðun um beitingu og framkvæmd neyðarráðstafana ef slys eða óhöpp verða.

(1) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 21) Með skírskotun til skilvirkni skal venjulegur frestur fyrir stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti stytur fyrir samþykkt aðlögunar viðaukanna að framförum á sviði vísinda og tækni.
- 22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e.a.s. að tryggja sameiginlega beitingu samræmdra öryggisreglna í öllu Bandalaginu og mikið öryggi í innanlands- og millilandaflutningum, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve þessi tilskipun er umfangsmikil og hefur viðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 23) Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á þær skuldbindingar sem Bandalagið og aðildarríki þess gengust undir á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í júní 1992 í Rio de Janeiro um að stefna að samræmingu flokkunarkerfa hættulegra efna.
- 24) Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á löggiöf Bandalagsins um öryggisskilyrðin sem gilda um flutning á líffræðilegum áhrifavöldum og erfðabreyttum lífverum, og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera <sup>(1)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið <sup>(2)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB frá 18. september 2000 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalds á vinnustöðum <sup>(3)</sup>.
- 25) Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á beitingu annarra ákvæða Bandalagsins á sviðum er varða heilbrigði starfsmanna og vinnuvernd og umhverfisvernd. Þetta á einkum við um rammatilskipunina um heilbrigði starfsmanna og vinnuvernd, tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(4)</sup> og dótturtilskipanir hennar.
- 26) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB frá 12. desember 2006 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(5)</sup> er kveðið á um að skipum sem eru með skirteini, gefin út samkvæmt reglunum um flutning hættulegra efna á Rín (ADNR), sé heimilt að flytja hættulegan farm á öllu yfirráðasvæði Bandalagsins samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í skirteininu. Í kjölfar samþykktar þessarar tilskipunar skal tilskipun 2006/87/EB breytt í því skyni að fella niður þetta ákvæði.
- 27) Heimila skal tveggja ára aðlögunartímabil vegna beitingar ákvæða þessarar tilskipunar um flutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum til að nægjanlegur tími gefist til að aðlaga innlend ákvæði, koma á lagarömmum og þjálfa starfsfólk. Heimila skal fimm ára almennt aðlögunartímabil að því er varðar öll skips- og starfsmannaskirteini sem gefin voru út fyrir aðlögunartímabilið, eða á því, vegna beitingar ákvæða þessarar tilskipunar um flutning á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum, nema styttri gildistími sé tilgreindur í skirteininu.
- 28) Því ber að fella tilskipanir 94/55/EB og 96/49/EB úr gildi. Til glöggvunar og samræmingar er einnig nauðsynlegt að fella úr gildi tilskipun ráðsins 96/35/EB frá 3. júní 1996 um tilnefningu og starfsmenntun og hæfi öryggisráðgjafa við flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum <sup>(6)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB frá 17. apríl 2000 um lágmarksprófkörur sem gerðar eru til öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum <sup>(7)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/263/EB frá 4. mars 2005 um að leyfa aðildarríkjum að samþykkja tilteknar undanþágur samkvæmt tilskipun 94/55/EB að því er varðar flutning á hættulegum farmi á vegum <sup>(8)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/180/EB frá 4. mars 2005 um að leyfa aðildarríkjum að samþykkja tilteknar undanþágur samkvæmt tilskipun ráðsins 96/49/EB að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum <sup>(9)</sup>.
- 29) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu <sup>(10)</sup>, eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 262, 17.10.2000, bls. 21.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 389, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 10.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 118, 19.5.2000, bls. 41.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 85, 2.4.2005, bls. 58.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 41.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.***Gildissvið**

1. Þessi tilskipun gildir um flutning á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum eða á skipgengum vatnaleiðum innan eða milli aðildarríkja, þ.m.t. lestun og losun, flutningur til eða frá öðrum flutningsmáta og stöðvanir sem eru nauðsynlegar vegna aðstæðna við flutninginn.

Hún gildir ekki um flutning á hættulegum farmi:

- a) með ökutækjum, vögnum eða skipum sem tilheyra herjum eða eru á ábyrgð þeirra,
- b) með hafskipum um vatnaleiðir sem liggja að sjó og mynda hluta af skipgengum vatnaleiðum,
- c) með ferjum sem einungis fara yfir skipgenga vatnaleið eða höfn eða
- d) sem fer eingöngu fram innan afmarkaðs svæðis.

2. Þáttur II.1 í II. viðauka gildir ekki um aðildarríki sem hafa ekki járnbrautarkerfi svo lengi sem engu slíku kerfi er komið á fót innan yfirráðasvæðis þeirra.

3. Aðildarríki geta, innan eins árs frá gildistöku þessarar tilskipunar, ákveðið að beita ekki þætti III.1 í III. viðauka af einni af eftirtöldum ástæðum:

- a) þau hafa ekki skipgengar vatnaleiðir,
- b) skipgengar vatnaleiðir þeirra eru ekki tengdar, með skipgengum vatnaleiðum, við vatnaleiðir annarra aðildarríkja eða
- c) enginn hættulegur farmur er fluttur á skipgengum vatnaleiðum þeirra.

Ákveði aðildarríki að beita ekki ákvæðunum í þætti III.1 í III. viðauka skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sem skal gera öðrum aðildarríkjum grein fyrir henni.

4. Aðildarríkin geta mælt fyrir um sérstakar öryggiskröfur fyrir innanlands- og millilandaflutninga á hættulegum farmi á yfirráðasvæði þeirra að því er varðar:

- a) flutning á hættulegum farmi með ökutækjum, vögnum eða skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, sem falla ekki undir þessa tilskipun,

- b) notkun á fyrirskipuðum leiðum, í rökstuddum tilvikum, þ.m.t. fyrirskipaðir flutningsmátar,

- c) sérstakar reglur um flutning á hættulegum farmi með farþegalestum.

Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um slík ákvæði og rökstuðning fyrir þeim.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

- 5. Aðildarríkin mega setja reglur um eða banna flutning á hættulegum farmi á yfirráðasvæði sínu, en eingöngu af öðrum ástæðum en þeim sem varða öryggi í flutningum.

*2. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1. „ADR-samningurinn“: Evrópusamningurinn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum sem gerður var í Genf 30. september 1957, með áorðnum breytingum,
- 2. „RID-reglurnar“: reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum, birtar í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), sem gerður var í Vilnius 3. júní 1999, með áorðnum breytingum,
- 3. „ADN-samningurinn“: Evrópusamningurinn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum sem gerður var í Genf 26. maí 2000, með áorðnum breytingum,
- 4. „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, á fjórum eða fleiri hjólum og hönnuð fyrir hámarks hraða yfir 25 km/klst., svo og allir eftirvagnar, en undanskilin eru ökutæki sem fara eftir teinum, færanlegar vélar og dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt sem fara ekki hraðar en 40 km/klst. við flutning á hættulegum farmi,
- 5. „vagn“: járnbrautarvagn, sem hefur ekki eigin knúningsbúnað, fer eftir járnbrautarteinum á eigin hjólum og er notaður til flutninga á vörum,

6. „skip“: skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskip.

3. gr.

#### Almenn ákvæði

1. Hættulegan farm má ekki flytja þegar það er bannað skv. I. viðauka (þætti I.1), II. viðauka (þætti II.1) eða III. viðauka (þætti III.1), sbr. þó 6. gr.

2. Með fyrirvara um almennu reglurnar um markaðsaðgang og reglurnar sem gilda almennt um flutning á farmi skal flutningur á hættulegum farmi leyfður að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í I. viðauka (þætti I.1), II. viðauka (þætti II.1) og III. viðauka (þætti III.1).

4. gr.

#### Þriðju lönd

Flutningur á hættulegum farmi milli aðildarríkja og þriðju landa skal leyfður svo fremi að hann uppfylli kröfur ADR-samningins, RID-reglnanna eða ADN-samningsins nema annað sé tilgreint í viðaukunum.

5. gr.

#### Takmarkanir af ástæðum er varða öryggi í flutningum

1. Af ástæðum er varða öryggi í flutningum er aðildarríkjum heimilt að beita strangari ákvæðum, að smíðakröfum undanskildum, varðandi innanlandsflutninga á hættulegum farmi með ökutækjum, vögnum og skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum sem eru skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra.

2. Ef aðildarríki telur, þegar óhapp eða slys ber að höndum á yfirráðasvæði þess, að gildandi öryggisákvæði hafi ekki nægt til að draga úr þeirri hættu sem flutningar hafa í för með sér, og ef brýnt er að grípa til aðgerða tafarlaust, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni, á undirbúningsstigi, um þær ráðstafanir sem það hyggst grípa til.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr., hvort leyfa beri framkvæmd þessara ráðstafana og gildistíma leyfisins.

6. gr.

#### Undanþágur

1. Aðildarríki geta heimilað notkun annarra tungumála en þeirra sem kveðið er á um í viðaukunum vegna flutninga sem fara fram á yfirráðasvæði þeirra.

2. a) Að því tilskildu að öryggi sé ekki stefnt í hættu geta aðildarríki óskað eftir undanþágum frá I. viðauka (þætti I.1), II. viðauka (þætti II.1) og III. viðauka (þætti III.1) vegna flutninga innan yfirráðasvæðis síns á tilteknum hættulegum farmi í litlu magni, að undanskildum efnum sem hafa mikla geislavirkni eða í meðallagi, að því tilskildu að skilyrðin fyrir slíkum flutningi séu ekki strangari en skilyrðin sem sett eru fram í þessum viðaukum.

b) Að því tilskildu að öryggi sé ekki stefnt í hættu geta aðildarríki einnig óskað eftir undanþágum frá I. viðauka (þætti I.1), II. viðauka (þætti II.1) og III. viðauka (þætti III.1) vegna flutnings á hættulegum farmi á yfirráðasvæði sínu í eftirfarandi tilvikum:

i) svæðisbundinna flutninga og á stuttum leiðum eða

ii) svæðisbundinna flutninga með járnbrautarlest á sérleiðum sem eru liður í iðnaðarferli og undir ströngu eftirliti við vel skilgreind skilyrði.

Framkvæmdastjórnin skal kanna í hverju tilviki hvort skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið, hafi verið uppfyllt og skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., hvort hún heimili undanþáguna og bæti henni við á skrá yfir landsbundnar undanþágur sem settar eru fram í I. viðauka (þætti I.3), II. viðauka (II.3) eða III. viðauka (þætti III.3).

3. Undanþágur skv. 2. mgr. skulu gilda að hámarki til sex ára frá dagsetningu leyfisins sem skal tilgreint í ákvörðun leyfisins. Að því er varðar núverandi undanþágur, sem settar eru fram í I. viðauka (þætti I.3), II. viðauka (þætti II.3) og III. viðauka (þætti III.3), telst dagsetning leyfisins vera 30. júní 2009. Undanþágur gilda í sex ár nema annað sé tekið fram.

Undanþágum skal beitt án mismununar.

4. Óski aðildarríki eftir framlengingu á leyfi fyrir undanþágu skal framkvæmdastjórnin endurmeta undanþáguna sem um er að ræða.

Ef engar breytingar hafa verið gerðar á I. viðauka (þætti I.1), II. viðauka (þætti II.1) eða III. viðauka (þætti III.1) sem hafa áhrif á viðfangsefni undanþágunnar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., framlengja leyfið um sex ár að hámarki frá dagsetningu leyfisins en gildistími framlengingarinnar skal tilgreindur í ákvörðuninni um leyfið.

Ef breytingar hafa verið gerðar á I. viðauka (þætti I.1), II. viðauka (þætti II.1) eða III. viðauka (þætti III.1) sem hafa áhrif á viðfangsefni undanþágunnar getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 9. gr.:

- a) lýst því yfir að undanþágan sé úrelt og fjarlægð hana úr viðeigandi viðauka,
- b) takmarkað gildissvið leyfisins og gert breytingar á viðeigandi viðauka til samræmis við það,
- c) endurnýjað leyfið að hámarki til sex ára frá dagsetningu leyfisins en gildistími framlengingarinnar skal tilgreindur í ákvörðuninni um leyfið.

5. Sérhverju aðildarríki er heimilt, í sérstökum undantekningartilvikum og að því tilskildu að öryggi sé ekki stofnað í hættu, að gefa út einstök leyfi fyrir flutningum á hættulegum farmi á yfirráðasvæði sínu sem eru óheimilir samkvæmt þessari tilskipun eða að framkvæma slíka flutninga samkvæmt skilyrðum sem eru ólík þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því tilskildu að sú flutningastarfsemi sé skilgreind með skýrum hætti og standi yfir í takmarkaðan tíma.

7. gr.

#### **Bráðabirgðaákvæði**

1. Aðildarríkin geta, hvert á sínu yfirráðasvæði, viðhaldið ákvæðunum sem skráð eru í I. viðauka (þætti I.2), II. viðauka (þætti II.2) og III. viðauka (þætti III.2).

Aðildarríki, sem viðhalda slíkum ákvæðum, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 1. gr. geta aðildarríki valið að beita ekki ákvæðunum í þætti III.1 í III. viðauka þangað til 30. júní 2011 í síðasta lagi. Í slíku tilvikum skal hlutaðeigandi aðildarríki, að því er varðar skipgengar vatnaleiðir, halda áfram að beita ákvæðunum í tilskipun 96/35/EB og 2000/18/EB, eins og þær gilda 30. júní 2009.

8. gr.

#### **Aðlögun**

1. Breytingarnar, sem eru nauðsynlegar til að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni, þ.m.t. notkun á tækni til að rekja feril og slóð, á þeim sviðum sem fjallað er um í þessari

tilskipun, einkum með það í huga að taka mið af breytingum á ADR-samningnum, RID-reglunum og ADN-samningnum, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun, sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjum fjárhagsaðstoð, eins og við á, vegna þýðinga ADR-samningsins, RID-reglnanna og ADN-samningsins, og öllum breytingum þar á, yfir á opinbert tungumál þeirra.

9. gr.

#### **Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um flutning á hættulegum farmi.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. og b-liður 5. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímamörkin, sem mælt er fyrir um í 5. gr. a ákvörðunar 1999/468/EB, þ.e. í c-lið 3. mgr., í b-lið 4. mgr. og í e-lið 4. mgr. skulu vera einn mánuður, einn mánuður og tveir mánuðir, í þeirri röð.

10. gr.

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2009. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*11. gr.***Breytingar**

Ákvæði 6. gr. tilskipunar 2006/87/EB falli brott.

*12. gr.***Niðurfelling**

1. Tilskipanir 94/55/EB, 96/49/EB, 96/35/EB og 2000/18/EB eru hér með felldar úr gildi frá og með 30. júní 2009.

Skírteini, sem gefin eru út samkvæmt ákvæðum niðurfelldu tilskipananna, skulu halda gildi sínu uns gildistími þeirra er útrunninn.

2. Ákvarðanir 2005/263/EB og 2005/180/EB falli úr gildi.

*13. gr.***Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*14. gr.***Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 24. september 2008.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. Pöttering

*forseti.**Fyrir hönd ráðsins,*

J.-P. Jouyet

*forseti.*

---

*Viðaukinn við tilskipun 2008/68/EB er ekki þýddur á íslensku. Enskur texti viðaukans birtist í Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 20–59.*